# AUGLÝSING

**um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.**

Hinn 12. nóvember 2007 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 23/135 hinn 30. maí 2008 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2008.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.*

F. h. r.

**Martin Eyjólfsson.**

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMKOMULAG**
**milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.**

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008 milli Rússneska sambandsríkisins, Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands og Noregs 12. nóvember 2007 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2008 heimilt að veiða 220.262 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 40.986 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2008 heimilt að veiða allt að 106.734 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 30.360 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2008 mun Noregur færa 1.518 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2009 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 12. nóvember 2007.

| | |
|---|---|
| Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar: | Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar: |
| Stefán Ásmundsson | Johán H. Williams |

**ARRANGEMENT**
**between Iceland and Norway on Access to the Norwegian Economic Zone north of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone**

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2008 between the Russian Federation, the European Community, the Faroe Islands, Ice land, Norway of 12 November 2007, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2008 to fish 220,262 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 40,986 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2008 to fish 106,734 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 30,360 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2008, Norway will transfer 1,518 tonnes of its herring quota for 2009 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 12 November 2007

| For the Icelandic Delegation | For the Norwegian Delegation |
| --- | --- |
| Stefán ÁSMUNDSSON | Johán H. WILLIAMS |